



Reykjavík, 12. október 2011

## ÚRSKURÐUR

Aganefnd KLÍ fundaði þriðjudaginn 11. október 2011 vegna tilkynningar starfsmanns KLÍ, dags. 5. október 2011, þar sem tilkynnt var að lið KR-C hefði ekki mætt til keppni í 2. deild þriðjudagskvöldið 4. október 2011.

Í kjölfarið barst skýring frá KR-C með tölvupósti, dags. 5. október þar sem rakið var m.a. að ekki hefði verið hægt að manna liðið umrætt sinn. Formaður mótanefndar skýrði frá því sama dag að mótanefnd hefði verið látin vita að liðið gæti ekki mætt til keppni og óskað hefði verið eftir frestun. En þar sem beiðni um frestun barst of seint var ekki hægt að verða við henni.

Með tölvupósti dags. 7. október var fyrirliða KR-C, Höskuldi Höskuldssyni, veittur kostur á að koma á framfæri frekari sjónarmiðum en þeim sem þegar hefðu fram komið. Í tölvupósti sínum gaf Höskuldur sömu skýringar og borist höfðu nefndinni áður, en tók fram að hann myndi gera sitt besta til þess að sambærilegt atvik endurtæki sig ekki.

Aganefnd tók málið fyrir á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, þ.e. tilkynningar starfsmanns KLÍ, skýringa KR-C og mótanefndar.

Í 11. gr. reglugerðar um aganefnd er m.a. kveðið á um heimild aganefndar til þess að refsli liði sem ekki mætir til leiks án þess að hafa fyrir því gilda ástæðu. Getur refsing í því sambandi verið brottrekstur úr keppni, stigatap, bann á alla leikmenn liðsins og/eða sektir. Á ákvæði þetta við um allar liðakeppnir í A- og B móturnum á vegum KLÍ.

Það er mat nefndarinnar, í ljósi þeirra skýringa sem gefnar hafa verið þar sem KR-C leitaðist við að keppa umrætt sinn, freistaði þess að fá leiknum frestað og tilkynnt mótanefnd um atvik málss þegar ljóst var að ekki hafi verið hægt að manna liðið, hafi liðið haft gilda ástæðu fyrir því að mæta ekki til leiks þannig að ekki komi til refsingar á grundvelli framangreinds ákvæðis.

Þrátt fyrir framangreint, er sérstaklega kveðið á um það í 9. gr. reglugerðar um Íslandsmót liða að mæti löglega skipað lið ekki til keppni við lok upphitunar, skuli viðureignin úrskurðuð



því liði töpuð og það lið sem mætir skal spila til að fá stigin. Segir síðan í 2. málslíð 9. gr. að sekta skuli það lið sem ekki mætir um a.m.k. það sem nemur tvöfaldri brautarleigu.

Ákvæðið er fortakslaust að því leyti að sekta skal lið sem ekki mætir til leiks. Er það niðurstaða nefndarinnar að slíkt beri að gera jafnvel þó gildar ástæður í skilningi 11. gr. reglugerðar aganefndar séu fyrir hendi.

Það er hins vegar niðurstaða nefndarinnar að liðinu verði ekki gerð aukin refsing eins og ákvæði 11. gr. reglugerðar um aganefnd heimilar, þar sem fyrir hendi voru gildar ástæður fyrir því að liðið mætti ekki til leiks umrætt sinn að mati nefndarinnar, eins og rakið var að framan.

Í ljósi framangreinds og þar sem KR-C mætti ekki til leiks í 2. deild þriðjudagskvöldið 4. október 2011, er það niðurstaða aganefndar að sekta KR-C að fjárhæð kr. 14.000 sem jafngildir tvöfaldri brautarleigu.

Úrskurðarorð

KR-C greiði KLÍ sekt að fjárhæð kr. 14.000

Ólafur Páll Vignisson, formaður aganefndar

Sigríður Klemensdóttir

Guðmundur Sigurðsson